



Minnisblað

Viðtakandi	Allsherjar- og menntamálanefnd	Dagsetning	12. júní 2024
Sendandi	Menningar- og viðskiptaráðherra	Málsnúmer	MVF23110133

Fjármögnun frumvarps til laga um breytingum á lögum um listamannalaun

Með frumvarpi til laga um breytingu á lögum um listamannalaun, nr. 57/2009, er lagt til að þrír nýir sjóðir bætist við launasjóði listamannalauna og að mánaðarlaunum sem koma til úthlutunar árlega fjölgi í skrefum um samtals 1.070, úr 1.600 í 2.670.

Óbreytt felur frumvarpið í sér 600 millj. kr. kostnaðarauka fyrir ríkissjóð á ári vegna listamannalauna. Lagt er til að aukningin komi til framkvæmda í skrefum þannig að kostnaðaraukinn verði:

- 124 millj. kr. á árinu 2025
- 280 millj. kr. á árinu 2026
- 440 millj. kr. á árinu 2027
- 600 millj. kr. á ári frá og með árinu 2028.

Frumvarpið var samið með hliðsjón af tillögu ráðuneytisins um fjármögnun menningarmála í fjármálaáætlun. Fjármálaáætlun fyrir árin 2025-2029 var lögð fyrir Alþingi eftir að frumvarpið var lagt fram og er sem stendur í umfjöllun fjárlaganefndar. Þar er gert ráð fyrir 400 millj. kr. varanlegu viðbótarframlagi til menningarmála, sem nýtt verði til stofnunar Þjóðaróperu og til aukningar listamannalauna. Það fellur í hlut ráðherra að ákveða nákvæma ráðstöfun á þessu framlagi á milli málaflokka innan menningar.

Af framansögðu er ljóst að fjármálaáætlun fyrir árin 2025-2029 gerir ekki ráð fyrir þeim heildarkostnaði sem felst í frumvarpinu þegar sú aukning sem það kveður á um verður að fullu komin til framkvæmda, árið 2028, verði það samþykkt óbreytt. Frumvarpið telst því ekki vera að fullu fjármagnað í þeim skilningi að gert sé ráð fyrir öllum kostnaði sem í því felst í þeirri tillögu að fjármálaáætlun sem þingið hefur til meðferðar.

Innan ráðuneytisins hefur verið leitað leiða til að fjármagna frumvarpið innan fyrirbyggjandi útgjaldaramma á málefnasviði 18 ásamt því að skoðað hefur verið hvort hægt sé að gera breytingar á útfærslu frumvarpsins. Í þessu skyni leggur ráðuneytið til að fallið verði frá stofnun sérstaks nýliðasjóðs, Vaxtar, en að áhersla verði lögð á að það markmið með stofnun hans, að tryggja aukna nýliðun, í gegnum launasjóði sérgreindra listgreina. Í frumvarpinu var gert ráð fyrir að heildarfjöldi mánaða myndi hækka úr 1.600 mánuðum í 2.670 mánuði á fjögurra ára tímabili. Verði frumvarpið samþykkt með þeirri breytingu að fallið verði frá stofnun Vaxtar verður heildarfjöldi mánaða 2.490 frá og með árinu 2028. Samhliða þessu lækkar kostnaðaraukinn við frumvarpið, þegar lagabreytingin verður að fullu komin til framkvæmda, úr 600 millj. kr. á ári niður í 507 millj. kr. Lagt er til að aukningin komi til framkvæmda í skrefum þannig að kostnaðaraukinn verði:

- 71 millj. kr. á árinu 2025
- 213 millj. kr. á árinu 2026
- 360 millj. kr. á árinu 2027
- 507 millj. kr. á ári frá og með árinu 2028.

Með breytingunni og uppfærðri kostnaðaráætlun við frumvarpið getur ráðuneytið staðfest að fjármögnun vegna ára 2025 og 2026 er tryggð annars vegar með fjárveitingu innan útgjaldaramma málefnasviðsins og hins vegar með hluta af 400 millj. kr. varanlegu viðbótarfjármagni til menningarmála í fjármálaáætlun 2025-2029. Ráðuneytið getur jafnframt staðfest að með tilfærslu fjármuna innan útgjaldaramma málefnasviðsins verður unnt að tryggja fjármögnunina á árinu 2027 og frá og með árinu 2028, þegar hækkunin sem felst í frumvarpinu kemur að fullu til framkvæmda. Við þá tilfærslu yrði einkum horft til fjármagns undir málaflokki 18.30 (menningarsjóðir) í fjármálaáætlun. Þar undir heyra m.a. sjóðir á borð við kvikmyndasjóð, myndlistarsjóð, bókasafnssjóð höfunda, bókasafnasjóð, tónlistarsjóð, sviðslistasjóð og bókmenntasjóð. Á árinu 2024 nemur heildarfjárveitingin þar sem tilfærsla fjármagns kemur til greina 2.177 millj. kr. Miðað við þær forsendur sem lagt er upp með í þessu minnisblaði þarf að tryggja 147 millj. kr. hvort ár, 2027 og 2028, með tilfærslu af 2.177 millj. kr. heildarfjárveitingunni. Er þá miðað við að ekki verði breytingar á fjárveitingum til menningarmála frá því sem fram kemur í fyrirbyggjandi fjármálaáætlun 2025-2029. Ekki er tímabært að ákveða nákvæma útfærslu á þessu stigi, enda verður það fyrst gert með fjárlögum 2027 og nánar ákveðið innan þeirra marka sem ráðuneytið hefur heimild til samkvæmt lögum um opinber fjármál.

Þrátt fyrir að lagt sé til að beðið verði með stofnun nýliðasjóðsins Vaxtar leggur ráðuneytið áherslu á að tryggð verði ákveðin nýliðun í launasjóðum sérgreindra listgreina. Samkvæmt upplýsingum ráðuneytisins hefur stefna stjórnar listamannalauna undanfarin ár verið sú að nýliðum sé a.m.k. 5% innan hvers sjóðs. Ráðuneytið beinir til því til nefndarinnar að lögð verði áhersla á nýliðun í nefndaráliti, þannig að þrátt fyrir þá breytingu á frumvarpinu að fjarlægja ákvæði um nýliðasjóðinn Vöxt sé áhersla lögð á að a.m.k. 5% úthlutana úr hverjum sérgreindum launasjóði verði til ungra listamanna, sem ekki hafi áður hlotið listamannalaun, að því gefnu að fagleg skilyrði séu uppfyllt.

Ráðuneytið mun veita aðstoð við smíði nauðsynlegra breytingartillagna, verði niðurstaða nefndarinnar sú að afgreiða frumvarpið með tilliti til framangreindra tillagna.